



Héraðsskjalasafn Árneseinga

Austurvegi 2 · 800 Selfoss · Sími 482 1259 · Kennitala 630189-2849

Ársskýrsla 2009



Á 10 ára afmæli Kvenfélags Selfoss í Selfossbíói 1958. Á myndinni má m.a. þekkja: Sigurð Þorbjörnsson og Guðfinnu Jónsdóttur, Sigurbjörgu Guðmundsdóttur, Guðmund Árnason, Guðfinnu Sigurdórsdóttur, Guðbjörn Sigurjónsson og Margræti Gissurardóttur, Sigurbjörgu Sigurðardóttur og Adam Hoffritz, Ingibjörgu Dagsdóttur, Ingveldi Jónsdóttur og Hauk Halldórsson, Sigurð Sigurðsson og Jóhönnu Guðmundsdóttur, Steindór Sigursteinsson og Guðbjörgu Pálsdóttur, Halldóru Bjarnadóttur, Selmu Kaldalóns, Svandísi Vilhjálmsdóttur og Benedíkt Guðmundsson. 1994/21 Kvenfélag Selfoss.

Stjórnarfundir voru þrjár á árinu. Á fyrsta og síðasta fundi var ársskýrsla safnsins, ársreikningur, fjárhagsáætlun o.fl. afgreitt. Þá kom stjórn safnsins saman þegar Björn Pálsson lét af embætti héraðsskjalavarðar í byrjun september eftir 19 ára farsælt starf og Þorsteinn Tryggvi tók við embætti. Björn var í 70% starfshlutfalli til áramóta. Björn hefur fylgt Héraðsskjalasafni Árnesinga allt frá byrjun, en hann var í áhugamannafélagi um stofnun héraðsskjalasafns í Árnesþingi sem varð til á útmánuðum 1982. Þremur árum síðar var héraðsskjalasafnið lögformlega stofnað. Birni er þakkað sérstaklega fyrir það góða starf sem hann hefur unnið.

Starfsemi og aðbúnaður

Gestabók hefur um langt árabil verið frammi á lestrarsal héraðsskjalasafnsins. Í upphafi árs var byrjað að skrá fyrirspurnir og erindi auk lána á sal. Skráningin gefur fyllri mynd af þeirri þjónustu sem starfsmenn safnsins veita sveitarfélögum og íbúum sýslunnar. Margar stofnanir og einstaklingar utan sýslunnar hafa einnig nýtt sér þjónustu safnsins. Gestir voru 795 á árinu en fyrirspurnir og erindi, þ.m.t. lán á sal, alls 425. Ef skjalaeiningar/arkir sem lánaðar eru á sal eru taldar sérstaklega hækkar talan umtalsvert en skjalaeiningar voru á sjöunda hundrad. Rúmlega þriðjungur allra fyrirspurna og erinda kom frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra. Skráning lána á sal er mikilvæg þar sem hún veitir upplýsingar um hvaða skjalasöfn gestir safnsins nýta sér. Þessar upplýsingar hafa auk þess áhrif á safnastefnu

héraðsskjalasafnsins þegar horft er til einkaskjalasafna þótt meginreglan sé að sjálfsögðu sú að taka við öllum skjölum einstaklinga. Skráning lána á sal er líka mikilvæg með tilliti til öryggisafritunar á skjölum sem eru í mikilli notkun. Skönnun eða stafræn ljósmyndun skjala getur þar komið að góðum notum. Þá var afgreiðslutími safnsins lengdur. Sú hefð hefur þó skapast gegnum árin að tekið er á móti gestum sem koma utan auglýsts opnunartíma.

Nokkuð er af óskráðum skjalasöfnum frá fyrri árum. Vegna mannaþreyinga var nokkrum tíma varið í að skoða þau söfn og skjalaskráningu því ekki sinnt af jafn miklum krafti og vonast var til. Reiknað er með að skráningu þeirra afhendinga sem bástust safninu árið 2009 verði að fullu lokið um mitt ár 2010 en þá verður hafist handa við að skrá afhendingar frá árinu 2008 og svo koll af kolli. Mikil vinna er einnig framundan við skráningu ljósmynda en safninu hafa borist mörg ljósmyndasöfn á undanförunum árum.

Helgi Ívarsson fræðimaður og bóndi í Hólum í Stokkseyrarhreppi lést í febrúar 2009. Helgi var fastagestur á safninu og stjórnarmaður til margra ára. Helgi ánafnaði Héraðsskjalasafninu og Bygðasafni Árnesinga öllum eignum sínum. Stofnaður verður Minningarsjóður Helga Ívarssonar bónda í Hólum en sjóðnum er ætlað að styrkja ýmis átaksverkefni á vegum skjalasafnsins.

Í lok mars var Félag héraðsskjalavarða stofnað en markmið þess er að vera samstarfsvettvangur héraðsskjalavarða, styrkja skjalasöfnin, faglegt frumkvæði

og alla starfsemi er lítur að skjalavörslu í sveitarfélögum. Þorsteinn Tryggvi kom að stofnun félagsins og situr í stjórn þess. Félagið stóð fyrir átaksverkefni um söfnun skjala kvenfélaga ásamt Kvenfélagasambandi Íslands. Átakið tókst vel og heimtur á skjölum kvenfélaga í Árnesþingi fóru fram úr björtustu vonum. Þá heldur félagið úti heimasíðunni www.heraðsskjalasafn.is þar sem finna má upplýsingar um héraðsskjalasöfnin, hlutverk þeirra, skjalavörslu sveitarfélaga auk fróðleiks fyrir þá einstaklinga eða félög sem vilja afhenda söfnunum skjöl.

Þorsteinn Tryggvi var frá janúar til ágústloka í hlutastarfi hjá Þjóðskjalasafni Íslands með starfsstöð á Selfossi við skráningu á dómabókum sýslumanna fyrir Óbyggðanefnd. Þorsteinn Tryggvi var einnig í ritstjórn *Nordisk Arkivnyt* sem er tímarit gefið út af norrænu skjalasöfnunum fjórum sinnum á ári og skrifaði nokkrar greinar í það rit. Þá voru skjöl Ásahrepps skráð af Birni Pálssyni en Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftafellinga greiddi fyrir þá vinnu.

Skjalasafnið tók þátt í Safnahelginni á Suðurlandi sem var haldin í byrjun nóvember. Þá var opnuð sýning á skjölum kvenfélaga vegna átaksverkefnis Félags héraðsskjalavarda og Kvenfélagasambands Íslands. Á sýningunni var einnig nokkuð af skjölum kvenfélaga sem áður höfðu borist safninu. Safnið tók einnig þátt í Norræna skjaladeginum og lagði til efni á vefinn www.skjaladagur.is. Þorsteinn Tryggvi var í undirbúningsnefnd Norræna skjaladagsins á Íslandi.

Ráðstefnur

Ráðstefnur á vegum Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalavarda voru tvær á árinu. Sú fyrri var á Egilsstöðum í lok apríl, þar sem Þorsteinn Tryggvi hélt framsöguerindi um eftirlitshlutverk héraðsskjalasafna gagnvart sveitarfélögum og undirstofnunum þeirra. Seinni ráðstefnan var í byrjun nóvember í Reykjavík. Þorsteinn Tryggvi var af Þjóðskjalaverði skipaður í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar. Þar flutti hann erindi um stefnumótun héraðsskjalasafna og kynnti ásamt Bjarna Þórðarsyni fjármálastjóra Þjóðskjalasafns tillögu um skiptingu ríkisframlags til héraðsskjalasafna. Þorsteinn Tryggi og Bjarni voru nokkru áður skipaðir í starfshóp um endurskoðun ríkisframlagsins.

Stofnbúnaður og tæknimál

Tölvubúnaður var að hluta til endurnýjaður á árinu svo safnið geti tekið þátt í skráningarverkefnum Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna en verið er að hanna hugbúnað og notendaviðmót sem sem nýtist við skjalaskráningu og fylgir ISAD-G staðli um skráningu skjala. Þá höfst vinna við að flytja rafræn gögn skjalasafnsins á miðlægan netþjón og tryggja enn frekar gagnaöryggi rafrænna skjala héraðsskjalasafnsins. Skjalasafn héraðsskjalasafnsins sem og allar skjalaskrár verða líka að vera til í útprenti til að tryggja varanlega varðveislu þeirra.

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árneseinga 2009

Stofnunum og fyrirtækjum sveitarfélaga er skylt að afhenda skjöl sín á héraðsskjalasöfn þar sem þau eru starfandi. Héraðsskjalasöfnin hafa eftirlit með skjalavörslu skilaskyldra aðila og veita ráðgjöf um skjalavörslu. Söfnin taka einnig við skjölum einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja í héraði.

Fremst í skránni er afhendingarnúmer hvers skjalasafns. Þá fylgir heiti safns, umfang í hillumetrum og nafn þess sem afhenti. Fullunnar skrár liggja á lestrarsal fyrir gesti safnsins. Aðgangur að opinberum skjölum er skv. upplýsinga- og stjórnáskjalasöfnunema nema annað gildi en við afhendingu einkaskjalasafna má semja um aðgengi.

2009/1 UNGMENNAFÉLAGIÐ BALDUR

HRAUNGERÐISHREPPI. 0,07 hillumetrar – Halldóra Gunnarsdóttir afhenti.

2009/2 KVENFÉLAG VILLINGAHOULTSHREPPS. 0,06 hillumetrar – Halla Aðalsteinsdóttir afhenti.

2009/3 SKÓLANEFND SKEIÐA-OG GNÚPVERJASKÓLA. 0,03 hillumetrar – Tryggvi Steinarsson afhenti.

2009/4 LIONS KLÚBBURINN Á SELFOSSI. 0,06 hillumetrar – Halldór Magnússon afhenti.

2009/5 STEFÁN JASONARSON Í VORSABÆ. 0,08 hillumetrar – Unnur Stefánsdóttir afhenti.

2009/6 JARÐABÓK SKEIÐAHREPPS. 0,5 hillumetrar – Jón Eiríksson Vorsabæ á Skeiðum afhenti.

2009/7 UNGMENNAFÉLAGIÐ BALDUR

HRAUNGERÐISHREPPI. 0,05 hillumetrar – Svanhvít Hermannsdóttir afhenti.

2009/8 STEFÁN JASONARSON Í VORSABÆ. 0,16 hillumetrar – Kristín Stefánsdóttir afhenti.

2009/9 PÉTUR GUÐFINNSSON. 0,03 hillumetrar – Edda Hermannsdóttir afhenti.

2009/10 SR. GUÐMUNDUR ÓLI ÓLAFSSON. 1 hillumetri – Gunnar Bjarnason afhenti.

2009/11 STEFÁN GUÐMUNDSSON Í TÚNI. 0,03 hillumetrar – Stefán Guðmundsson afhenti.

2009/12 SKJÓLBORGIR. 0,05 hillumetrar – Magnús G. Jónsson afhenti.

2009/13 GUÐMUNDUR DANÍELSSON RITHÖFUNDUR. 2,24 hillumetrar – Heimir Guðmundsson afhenti.

2009/14 PÉTUR PÉTURSSON ÞULUR. 0,1 hillumetri – Ragnheiður Ásta Pétursdóttir afhenti.

2009/15 BÚRFELL Í GRÍMSNESI. 0,08 hillumetrar – Böðvar Pálsson Búrfelli afhenti.

2009/16 SÓKNARNEFND MOSFELLSKIRKJU. 0,06 hillumetrar – Böðvar Pálsson Búrfelli afhenti.

2009/17 LEIKFÉLAG SELFOSS. 0,06 hillumetrar – Guðfinna Gunnarsdóttir afhenti.

2009/18 TÓMAS KARLSSON Í HAFSTEINI Á STOKKSEYRI. 0,06 hillumetrar – Kristín Tómasdóttir afhenti.

2009/19 GUÐFINNA HANNESDÓTTIR. 0,5 hillumetrar – Byggðasafn Árneseinga/Lýður Pálsson afhenti.

2009/20 UNGMENNAFÉLAGIÐ HVÖT Í GRÍMSNESI. 0,05 hillumetrar – Hörður Óli Guðmundsson afhenti.

2009/21 FÉLAG ELÐRI BORGARA, SELFOSSI. 0,03 hillumetrar – Böðvar Stefánsson afhenti.

2009/22 MANNAMYNDIR ÚR GRÍMSNESI OG NÁGRENNI. 0,03 hillumetrar – Böðvar Stefánsson afhenti.

2009/23 ÓLAFUR KRISTMUNDSSON. 0,06 hillumetrar – Byggðasafn Árneseinga/Lýður Pálsson afhenti.

2009/24 UNGMENNAFÉLAG HVERAGERÐIS OG ÖLFUSS, LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Björn S. Pálsson afhenti.

2009/25 GAULVERJABÆJARHREPPUR, LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.

2009/26 UNGMENNAFÉLAG GNÚPVERJA HIÐ ELÐRA. 0,18 hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.

2009/27 UNGMENNAFÉLAG GNÚPVERJA. 0,35 hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.

2009/28 UNGMENNAFÉLAGIÐ SAMHYGÐ GAULVERJABÆJARHREPPI. 0,05 hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.

2009/29 UNGMENNAFÉLAGIÐ BALDUR HRAUNGERÐISHREPPI. 0,03 hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.

2009/30 ÍÞRÓTTASAMBANDIÐ SKARPHÉDINN. 0,03 hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.

2009/31 RÆKTUNARSAMBANDIÐ KETILBJÖRN. 0,08 hillumetrar – Theódór Vilmundarson afhenti.

2009/32 SÓKNARNEFND MOSFELLSKIRKJU. 0,45 hillumetrar – Sóknarnefnd Mosfellskirkju/Kristín Karlsdóttir afhenti.

2009/33 UNGMENNAFÉLAGIÐ SAMHYGÐ GAULVERJABÆJARHREPPI. 0,03 hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árneseinga 2009

- 2009/34 ÍPRÓTTAFÉLAG DRENGJA Í GAULVERJABÆJARHREPPI. 0,05 hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.
- 2009/35 ELÍN OG STEFÁN, BREIÐUMÖRK 17 HVERAGERÐI. 0,08 hillumetrar – Atli Stefánsson afhenti.
- 2009/36 HREPPSTJÓRINN Í HVERAGERÐI. 0,06 hillumetrar – Atli Stefánsson afhenti.
- 2009/37 FRÍMERKJAKLUBBUR SELFOS OG ERNST P. SIGURÐSSON. 0,36 hillumetrar – Margrét Sigurðsson afhenti.
- 2009/38 GUÐMUNDUR JÓNSSON Á KÓPSVATNI. 0,16 hillumetrar – Magnús Jónsson afhenti.
- 2009/39 LEIKSKÓLINN GLAÐHEIMAR. 0,5 hillumetrar – Heiðdis Gunnarsdóttir afhenti.
- 2009/40 NÚPAR Í ÖLFUSI. 0,05 hillumetrar – Jóhanna Hjartardóttir afhenti.
- 2009/41 ÓLAFUR STEFÁNSSON. 0,08 hillumetrar – Ólafur Stefánsson afhenti.
- 2009/42 SKÓLASKRIFSTOFA SUÐURLANDS. 0,4 hillumetrar – Skólaskrifstofa Suðurlands/ Kristín Hreinsdóttir afhenti.
- 2009/43 GUÐJÓN SIGFÚSSON. 0,03 hillumetrar – Guðbjörg Guðjónsdóttir afhenti.
- 2009/44 UNGMENNAFÉLAGIÐ SAMHYGÐ GAULVERJABÆJARHREPPI. 0,03 hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.
- 2009/45 ÁRNI SVERRIR ERLINGSSON – TEIKNINGAR. 0,5 hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.
- 2009/46 LEIKSKÓLINN ÁRBÆR. 0,08 hillumetrar – Leikskólinn Árbær/Bergljót Einarsdóttir afhenti.
- 2009/47 HRAUNGERÐISHREPPUR 0,03 hillumetrar – Flóahreppur/Margrét Sigurðardóttir afhenti.
- 2009/48 KVENFÉLAG GAULVERJABÆJARHREPPS. 0,06 hillumetrar – Margrét Jónsdóttir afhenti.
- 2009/49 KVENFÉLAG STOKKSEYRAR. 0,18 hillumetrar – Hanna Siv Bjarnadóttir afhenti.
- 2009/50 KVENFÉLAG SKEIÐAHREPPS. 0,06 hillumetrar – Jóhanna M. Vilhjámsdóttir afhenti.
- 2009/51 ÁSGEIR L. JÓNSSON. 0,03 hillumetrar – Jón Geir Ásgeirsson afhenti.
- 2009/52 BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS, HVERAGERÐISUMBÓÐ. 0,18 hillumetrar – Kristinn Kristjánsson afhenti.
- 2009/53 KVENFÉLAG BISKUPSTUNGNA. 0,85 hillumetrar – Svava Theodórsdóttir afhenti.
- 2009/54 KVENNALISTINN Á SUÐURLANDI. 0,7 hillumetrar – Sigríður Matthíasdóttir afhenti.
- 2009/55 KVENFÉLAG GNÚPVERJA. 0,08 hillumetrar – Anna María Flygenring og Halla Guðmundsdóttir afhentu.
- 2009/56 KVENFÉLAG ÞORLÁKSHAFNAR. 0,17 hillumetrar – Edda Laufey Pálsdóttir og Ragna Erlendsdóttir afhentu.
- 2009/57 SKÓLASKRIFSTOFA SUÐURLANDS. 0,42 hillumetrar – Skólaskrifstofa Suðurlands/ Kristín Hreinsdóttir afhenti.
- 2009/58 BÖÐVAR MAGNÚSSON Á LAUGARVATNI. 0,16 hillumetrar – Guðmundur Rafnar Valtýsson og Bjarnfínnur Hjaltason afhentu.
- 2009/59 ÆTTARRAÐ BÖDVARS MAGNÚSSONAR Á LAUGARVATNI. 0,08 hillumetrar – Guðmundur Rafnar Valtýsson og Bjarnfínnur Hjaltason afhentu.
- 2009/60 GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR. 0,6 hillumetrar – Grímsnes- og Grafningshreppur afhenti.
- 2009/61 LEIKSKÓLINN KÁTABORG, GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI. 0,03 hillumetrar – Leikskólinn Kátaborg afhenti.
- 2009/62 EYRARBAKKAHREPPUR. 0,06 hillumetrar – Úlfur Guðmundsson afhenti.
- 2009/63 ÞINGVALLAHREPPUR. 0,6 hillumetrar – Guðrún Guðbjörnsdóttir og Böðvar Guðmundsson afhentu.
- 2009/64 EIRÍKUR EINARSSON. 0,6 hillumetrar – Jóhann Þór Sigurbjörgsson afhenti.
- 2009/65 MARGRÉT EINARSDÓTTIR. 0,4 hillumetrar – Jóhann Þór Sigurbjörgsson afhenti.
- 2009/66 BIFREIÐASTJÓRAFÉLAGIÐ MJÖLNIR. 4,84 hillumetrar – Röbert Röbertsson afhenti.
- 2009/67 SIGURMUNDUR GUÐJÓNSSON. 0,05 hillumetrar – Jón Ingi Sigurmundsson afhenti.
- 2009/68 GUNNAR SIGURGEIRSSON LJÓSMYNDARI/ FILMVERK, LJÓSMYNDIR. 0,6 hillumetrar – Gunnar Sigurgeirsson afhenti.
- 2009/69 SIGURGESTUR GUÐJÓNSSON. 0,05 hillumetrar – Sigrún Sigurgestsdóttir afhenti.
- 2009/70 UNGMENNAFÉLAGIÐ HVÖT – HVATARBLAÐIÐ. 0,03 hillumetrar – Grímsnes- og Grafningshreppur.
- 2009/71 FRÉTTABRÉF SKEIÐA- OG GNÚPVERJA-HREPPS. 0,03 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.

Félag héraðsskjalavarða á Íslandi



Kvennalistakonur á Suðurlandi. Myndin er líklega tekin fyrir alþingiskosningarnar 1991. Nokkuð af myndum fylgdi afbendingunni 2009/54 Kvennalistinn á Suðurlandi.

Félag héraðsskjalavarða á Íslandi var stofnað 27. mars 2009. Stjórn þess skipa þau Hrafn Sveinbjarnarson, Héraðsskjalasafni Kópavogs, Hrafnkell Lárusson, Héraðsskjalasafni Austfirðinga, Jóhanna Skúladóttir, Héraðsskjalasafni Borgfirðinga, Svanhildur Bogadóttir, Borgarskjalasafni Reykjavíkur, Unnar Ingvárunn, Héraðsskjalasafni Skagfirðinga og Þorsteinn Tryggvi Másson, Héraðsskjalasafni Árnesinga.

Félaginu er ætlað að vera samstarfsvettvangur héraðsskjalavarða, styrkja söfnin faglega sem og alla starfsemi og verkefni sem snúa að skjalavörslu í sveitarfélögum á landinu.

Fyrsta átaksverkefni félagsins var söfnun skjala kvenfélaga og félaga kvenna. Verkefnið var unnið í samvinnu

við Kvenfélagasamband Íslands. Átakið hófst 15. apríl og lauk 15. nóvember. Niðurstöður af átaksverkefninu voru teknar saman í skýrslu sem finna má á heimasíðu félagsins, www.heradsskjalasafn.is. Fyrir átakið voru varðveitt skjöl frá 113 kvenfélögum í héraðsskjalasöfnunum, en eftir það frá 127 kvenfélögum. Skjalasöfn kvenfélaganna voru alls 48,2 hillumetrar fyrir átakið en 6,28 hillumetrar bættust við sem er 11,5% aukning í magni. Haldið verður áfram að taka við skjalasöfnum félaganna í héraðsskjalasöfnunum eins og héraðsskjalasöfnunum er skylt og þegar hafa Héraðsskjalasafni Árnesinga borist nýjar afhendingar. Áðurnefnd skýrslan verður endurútfengin seinni hluta árs 2010 aukin og endurbætt.

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árneseinga 2009

Rekstrartekjur safnsins voru 12.951.290 kr. og rekstrargjöld auk stofnbúnaðar 14.436.580 kr. Rekstrartap ársins var 1.384.173 kr. Við endurskoðun fjárhagsáætlunar var lagt upp með að ganga á eigið fé safnsins sem var í byrjun árs 2009 1.984.853 kr. Það sem eftir stendur af þessari upphæð er ætlað í ákveðin skráningarverkefni.

	2009	ARFUR	2008
<i>Rekstrartekjur:</i>			
HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA	10.330.000	0	10.330.000
ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS	1.600.000	0	1000.000
ARFUR HELGA ÍVARSSONAR	0	26.361.689	0
SPARISJÓÐUR SUÐULANDS, GJÖF	0	0	200.000
SELD ÞJÓNUSTA	1.021.290	0	696.800
SAMTALS	12.951.290	26.361.689	12.226.800

Rekstrargjöld:

LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD	11.213.416	0	9.089.758
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR	2.647.483	38.724	2.431.450
STOFNBÚNAÐUR	575.681	0	424.236
JARÐSKJÁLFTATJÓN	0	0	311.508
SAMTALS	14.436.580	38.724	11.633.936

Rekstrar- (tap), hagnaður fyrir fjármagnsliði

(1.485.290)	26.322.965	592.864
-------------	------------	---------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

VAXTATEKJUR	103.568	85.802	157.600
VAXTA OG FÆRSLUGJÖLD	2.451	0	2.077
SAMTALS	101.117	85.802	155.523

(TAP) HAGNAÐUR	(1.384.173)	26.408.767	748.387
----------------	-------------	------------	---------

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is

Opnunartími

mánudaga og föstudaga kl. 13:00 - 17:00

þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10:00 - 17:00

Stjórn safnsins

Hróðný Hanna Hauksdóttir, stjórnarformaður

Páll Stefánsson, varaformaður

Tryggvi Steinarsson, ritari

Starfsmenn

Þorsteinn Tryggvi Músson, héraðsskjalavörður

thorsteinn@heradsskjalasafn.is

Sævar Logi Ólafsson, skjalavörður

saevar@heradsskjalasafn.is

